



Egilsstöðum 5. nóvember 2018.

Til hreppsnefndar Djúpavogshrepps

Efni: Tindar og toppar á ensku.

Bókaforlagið Bókstafur er austfirskt útgáfufyrirtæki sem hefur nú starfað í 3 ½ ár og gefið út á þriðja tug bóka með margvíslegu efni.

Eitt mesta og merkasta framtak félagsins er myndskreytt útgáfa bókarinnar „101 Austurland – Tindar og toppar“ eftir fjallaleiðsögumanninn Skúla Júlíusson.

Vegna fjölda áskorana hefur forlagið nú ákveðið að ráðast í að þýða bókina á ensku, svo að erlendir ferðamenn geti nýtt sér efni hennar og það orðið til þess að lengja dvöl þeirra hjá okkur.

Austfirðingar hafa nú þegar náð forystu í þjónustu við áhugafólk um gönguferðir og auk umræddrar bókar nægir að nefna mikinn fjölda stikaðra gönguleiða og öfluga starfsemi ferðafélaganna á Fljótsdalshéraði og í Fjarðabyggð. Í öðrum landsfjórðungum er leitun að verkefnum sambærilegum við Perlum á Fljótsdalshéraði og Gönguviku í Fjarðabyggð, svo dæmi séu nefnd. Áhugi fyrir útivist og gönguferðum fer almennt vaxandi og fólk keppist við að velja sér hollan lífsstíl og vill minnka vistsporið á ferðum sínum.

Austfirsku gönguferðafólki fjölgar líka stöðugt sem er mikilvægt til að vera fyrirmynd þeim sem sækja okkur heim og til að leiðsegja gestum.

Við teljum því að við hjá Bókstaf séum á réttri leið auk þess sem við teljum okkur markaðssetja Austurland með þessu framtaki okkar og styrkjum þar með annað atvinnulíf.

Því leitum við til sveitarfélagsins um stuðning við þetta verkefni, sem er allfjárfrekt, en heildarkostnaður samkvæmt lauslegri kostnaðaráætlun er 4-5 millj. kr. og staða útgefanda veik til að standa straum af undirbúningskostnaði.

Væntum þess því að Djúpavogshreppur sjái sér fært að leggja þessu framlagi lið með 50.000 kr. styrk úr sveitarsjóði enda sýnir athugun að talsverður hluti fjallanna, sem lýst er í bókinni eru innan marka sveitarfélagsins.

f.h. Bókstafs ehf.

A handwritten signature in blue ink, appearing to read "Sigurjón Bjarnason".

Sigurjón Bjarnason

P.S. Til frekari kynningar og í trausti þess að erindi þetta fái jákvæða afgreiðslu fylgir eitt eintak af bókinni með bréfi þessu.